

Mánudaginn 29. janúar 1973.

Nr. 21/1972: **Jón I. Jóhannesson**

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Einari Jóhannessyni

(Sigurður Baldursson hrl.)

og skiptaráðandanum í Hafnarfirði

(enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir stefnda skiptaráðandann í Hafnarfirði að taka til opinberrar skiptameðferðar dánar- og félagsbú hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946. Þá krefst áfýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Einars Jóhannessonar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti 21. janúar 1972.

Stefndi Einar Jóhannesson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hann fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti 23. janúar 1973.

Af hálfu stefnda skiptaráðandans í Hafnarfirði hefur ekki verði sótt þing hér fyrir dómi og engar kröfur verið hafðar uppi.

Lagaheimild skortir til áfrýjunar máls þessa, sem sætir kæru samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962. Verður því ekki hjá því komizt að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðra talsmanna áfrýjanda og stefnda Einars Jóhannessonar fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, og málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnda Einarssonar, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Úrskurður skiptadóms Hafnarfjarðar 2. nóvember 1971.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum munnlegum málflutningi, liggur fyrir það ágreiningsefni til úrlausnar, hvort taka beri til opinberra skipta nú dánar- og félagsbú hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946, en hin látnu hjón bjuggu síðast að Strandgötu 19, Hafnarfirði.

Erfingjar eru þrjú börn hinna látnu hjóna, Jón I. Jóhannesson, Móabarði 10, Hafnarfirði, Einar Jóhannesson, Strandgötu 19, Hafnarfirði, og Guðfinna Jóhannesdóttir, sem búsett er í Osló.

Skiptabeiðandi er erfinginn Jón I. Jóhannesson, og gerir hann þær réttarkröfur, að umrætt bú verði tekið til opinberra skipta og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu í þessum þætti málsins.

Erfinginn Einar Jóhannesson mótmælir því, að umrætt bú verði tekið til skipta nú, þar sem skiptum sé löngu lokið. Hann gerir þær réttarkröfur, að öllum kröfum skiptabeiðanda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Erfingjanum Guðfinnu Jóhannesdóttur hefur verið tilkynnt um málarekstur þennan. Af hennar hálfu hefur ekki verið mætt í málinu, en hins vegar hefur réttinum borizt bréf hennar, þar sem m. a. segir: „Frá minni hálfu er ég persónulega mótfallin, að farið sé að taka upp skipti, hvað viðkemur mínum hlut, þar sem ég tel þeim skiptum löngu lokið.“

Eignir í umræddu búi voru við andlát þess hjónanna, er lengur lifði, hluti fasteignarinnar að Strandgötu 19 hér í bæ, þ. e. þriðja hæð og ris nefndrar fasteignar, auk innbús og nokkurra peninga. Ekki hafði skiptaráðandi neinn atbeina að því að skipta um-

ræddu búi, og ekki leituðu erfingjar eftir því, og erfðafjárskattur var enginn greiddur.

Með eignir búsins var farið sem hér segir:

1. Eignarhluta fasteignarinnar að Strandgötu 19 tók erfinginn Einar Jóhannesson í sína vörzlu og til sinna afnota. Eigninni hafði aldrei verið þinglýst á nafn arfláta, heldur á nafn föðurbróður erfingjanna, sem hinn 1. júlí 1947 undirritaði yfirlýsingu um, að erfinginn Einar væri eigandi að eignarhluta búsins í fasteigninni. Þessari yfirlýsingu var þinglýst hinn 21. júlí 1947, og hefur erfinginn Einar síðan verið þinglýstur eigandi að eignarhlutanum og búið í húsinu.

Það er óumdeilt, að umræddur föðurbróðir erfingjanna var aldrei eigandi að eignarhluta þeim, sem um ræðir. Erfinginn Jón heldur því fram, að umræddur gerningur hafi verið gerður án sinnar vitundar og án síns samþykkis.

2. Peninga og sparisjóðsbækur dánarbúsins tók erfinginn Einar í sína vörzlu. Hann kvaðst hafa séð um „allar útréttingar“, þ. á. m. hafa séð um útförina og frágang á leiði. Hann afhenti með erfingjum sínum nokkrar fjárhæðir af umræddum innstæðum. Einar telur erfingjann Guðfinnu hafa fengið kr. 7.000.00 og bræðurna hvorn um sig kr. 2.500.00, en Jón telur sig hafa fengið kr. 2.000.00 og Guðfinnu kr. 6.000.00, en kveðst ekki vita, hvaða fjárhæð Einar hafi fengið.

3. Ekki er fyllilega upplýst, hvað af innbúi varð. Í bréfi erfingjans Einars til Jóns bróður síns, dags. 11. janúar 1971, kemur þó fram, að hann telur innbúið hafa verið mjög óverulegt. Meiri hluti þess hafi brunnið í eldsvoða á aðfaranótt gamlársdags árið 1942 og þeir fáu hlutir, sem þá björguðust, hafi allir verið stórskemmdir vegna brunans. Guðfinna hafi þó fengið píanó og, að því er helzt verður skilið á bréfinu, einnig saumaborð. Að öðru leyti virðist innbúi ekki hafa verið flutt úr húsinu, og virðist það því hafa verið í vörzlu Einars.

Á árinu 1959 eða 1960 greiðir svo Einar systkinum sínum kr. 30.000.00 í peningum hvoru um sig. Því er haldið fram af Jóni, að á þessa fjárhæð hafi verið litið sem innborgun upp í arfshluta af báðum aðiljum og kona Einars hafi sagt, að „meira kæmi seinna“, þegar Einar reiddi féð af höndum.

Einar heldur því hins vegar fram, að litið hafi verið á þessa greiðslu sem fullnaðaruppgjör og þar með væri öllum skiptum lokið, þótt eigi væri gengið frá því í formi skiptagerðar. Eigi þetta jafnt við um Jón og Guðfinnu.

Af hálfu skiptabeiðanda er á því byggt, að umrætt dánarbú hafi aldrei fengið löglega skiptameðferð, og telur skiptabeiðandi því óhjákvæmilega lagaskyldu að taka það til skipta nú. Þar sem ekki sé samkomulag með erfingjum um einkaskipti, verði opinber skipti að fara fram.

Því er alfarið mótmælt, að erfingjar hafi skipt með sér búinu í raun. Erfinginn Einar hafi fengið í hendur meginhluta eigna búsins. Sönnunarbyrðin hvíli því á honum fyrir því, að hann hafi greitt meðerfingjum sínum þeirra arfshluta að fullu.

Af hálfu erfingjans Einars er aftur á móti á því byggt, að erfingjar hafi skipt búinu með sér í raun og eigi því engar frekari arfskröfur.

Á það er bent, að eftir að eldsvoði varð að Strandgötu 19 á aðfaranótt gamlársdags 1942, hafi Einar lagt fram mikla vinnu og fé til endurbyggingar og viðgerða á húsinu og því í raun átt hluta af húsinu, eða a. m. k. verið stór kröfuhafi í búið. Ef tekið sé tillit til verðrýrnunar peninga, frá því Einar greiddi meðerfingjum sínum kr. 30.000.00 hvoru um áramótin 1959—1960, sé fyllilega ljóst, að hann hafi síður en svo borið meira úr býtum en aðrir erfingjar. Til vara er því haldið fram, að þar sem nú eru liðin meira en 25 ár, frá því arfur tæmdist, og um 12 ár, frá því síðustu greiðslur milli erfingjanna fóru fram, þá sé um slíkt tómlæti að tefla af þeirra hálfu, að útilokað sé fyrir neinn þeirra að krefjast skipta nú. Loks sé á það að líta, að allar hugsanlegar arfskröfur séu löngu fyrndar og glataðar, ýmist vegna hefðar eða vangeymslu, og enn fremur hugsanleg krafa hins opinbera til erfðafjárskatts. Skiptaráðanda hafi borið að taka bú arfláta til skipta þegar í stað og í síðasta lagi innan 18 mánaða frá andláti ekkjunnar. Fyrningarfrestur á kröfu til erfðafjárskatts sé 4 ár. Því hljóti krafa hins opinbera til erfðafjárskatts ætíð að vera fyrnd fjórum árum og 18 mánuðum, þ. e. 5½ ári, eftir andlát arfláta, sbr. einnig 76. gr. laga nr. 3/1878.

Þá er því haldið fram, að skipti séu í raun óframkvæmanleg nú, þar sem útilokað sé að staðreyna eignir búsins eftir svo langan tíma, þ. e. aldarfjórðung.

Af hálfu skiptabeiðanda er á það bent, að ástæðan fyrir drætti á skiptum á dánarbúinu sé fyrst og fremst sú, að Einari hafi tekizt eftir krókaleiðum að fá íbúðina að Strandgötu 19 skráða á sitt nafn með því að útvega sér yfirlýsingu 3ja manns, sem aldrei var eigandi íbúðarinnar, og fá þeirri yfirlýsingu þinglýst. Honum hafi því tekizt að fá formlega eignarheimild, án þess að

skipti færur fram og skiptagerð eða skiptayfirlýsingu væri þinglýst. Það sé alkunna, að í raun hafi búskipti um langan aldur borið þannig að hjá flestum skiptaráðendum landsins, ef erfingjar hefjast ekki sjálfir handa, þá reki erfingjar sig fljótlega á það, að þá skorti formlega eignarheimild fyrir viðkomandi eignum, svo sem fasteignum og bifreiðum, geti því ekki selt slíkar eignir eða veðsett þær og verði því að leita til skiptaráðanda um skiptameðferð. Bú, sem ekki eigi fasteignir eða bifreiðar, geri í fæstum tilvikum meira en að hrökkva fyrir útfararkostnaði og skattskuldum. Ákvæðum skiptalaga um fresti til búskipta hafi því naumast verið beitt í raun undanfarna áratugi.

Á það beri enn fremur að líta, að 18 mánaða reglan í 36. grein gjaldþrotaskiptalaganna og reglan í 76. gr. laga nr. 3/1878 sé leiðbeiningarregla, og auk þess verði að telja óheimilt að lögjafna frá fyrstnefndri lagagrein, þegar um er að ræða dánarbú, þar sem gengizt er við skuldum.

Þá sé löng hefð fyrir því að miða upphaf fyrningarfrests á erfðafjárskatti við lok skipta. Sú regla sé raunar engin undantekning, heldur meginregla íslenskra laga um skattkröfur, þær geti aldrei gjaldfallið, fyrr en skattar hafi verið lagðir á, og upphaf fyrningarfrests miðist við eindaga skattskuldarinnar, en eindaga skuldarinnar geti aldrei borið að fyrir þann tíma, er skuldin gjaldfellur.

Þá bendir skiptabeiðandi enn fremur á það viðhorf erfingjans Einars, að hann líti ekki svo á, að arfskröfur með erfingjanna séu fyrndar, þegar hann greiðir þeim kr. 30.000.00 hvorum um áramótin 1959—1960, þótt þá væri liðið á fjórtánda ár frá því arfurinn tæmdist. Það beri enn fremur vott um hið raunverulega viðhorf hans til búskiptanna, að í júní 1970 hafi erfinginn Einar ritað á blað yfirlýsingu, sem lögð hefur verið fram í málinu og hljóðar svo:

„Við undirrituð viðurkennum, að Einar Jóhannesson, bróðir okkar, sé löglegur eigandi að efstu hæð hússins nr. 19 við Strandgötu í Hafnarfirði.“

Þessa yfirlýsingu hafi Einar talið nauðsynlegt að fá með erfingja sína til að undirrita, þar sem hann hafi vitað, að skiptum var eigi lokið og talið arfskröfur systkina sinna kynnu að koma fram. Honum hafi tekizt að fá Guðfinnu til að undirrita yfirlýsinguna hinn 11. júní 1970, sbr. hið framlagða dómsskjal, en skiptabeiðandi hafi synjað um þá beiðni fyrir sitt leyti, enda talið, að tímabært væri orðið að ganga frá búskiptunum.

Loks er krafa skiptabeiðanda studd þeim rökum, að opinber skipti geti aldrei leitt til annars en réttlætis. Ef í ljós kæmi við skiptin, að búið væri uppgert, þá fengi skiptapoli staðfestingu á því.

Það er upplýst í máli þessu, að fasteignin að Strandgötu 19 hér í bæ hefur verið í umráðum erfingjans Einars Jóhannessonar hefðartíma fullan samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1905 og hann farið með eignina eins og hann ætti beinan eignarrétt að henni. Lausafjármunir búsins skiptust milli erfingja, og einnig þeir hafa verið í þeirra umráðum hefðartíma fullan. Það verður því ekki talið, að búið geti nú heimt framangreindar eignir úr höndum margnefndra systkina, þar sem fyrir liggur í málinu, að þau hafa unnið á þeim eignarhefð.

Erfinginn Einar Jóhannesson tók undir sig sparifjárnstæður og peninga búsins og greiddi meðerfingjum sínum hluta fjárins. Krafa búsins til fjárins er fyrnd. Það verður því að synja um töku umrædds bús til opinberra skipta nú þegar af þeirri ástæðu, að sannað er, að engar eignir eru lengur í búinu, en samkvæmt fyrirmælum 10. gr. laga nr. 3/1878 fara eigi fram opinber skipti á slíkum búum, þó annars bæri nauðsyn til, samanber einnig 42. gr. sömu laga. Það athugast, að í raun hafa erfingjar í búinu gengizt við arfi og skuldum, og einnig, að eigi hefur verið boðin fram trygging fyrir skiptakostnaði, sbr. meginreglu 33. gr. laga nr. 25/1929.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktunarorð:

Synjað er um töku dánar- og félagsbús hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946, og síðast þjuggu að Strandgötu 19 í Hafnarfirði, til opinberra skipta.

Málskostnaður fellur niður.
